
Brú á Eldvatn hjá Ásum Ákvörðun um matsskyldu

Inngangur

Þann 22. desember 2016 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Vegagerðinni um fyrirhugaða brúar- og vegagerð í Skaftárhreppi samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 10.09 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Skaftárhrepps, Fiskistofu, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Minjastofnunar Íslands, Orkustofnunar og Umhverfisstofnunar.

Gögn lögð fram

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Skaftártunguvegur (208-00) Brú á Eldvatn hjá Ásum, kynningarskýrsla. Vegagerðin, desember 2016.

Umsagnir bárust frá:

- Skaftárhreppi með bréfi dags. 16. janúar 2017
- Fiskistofu með bréfi dags. 18. janúar 2017
- Heilbrigðiseftirliti Suðurlands með bréfi dags. 4. janúar 2017
- Minjastofnun Íslands með bréfi dags. 10. janúar 2017
- Orkustofnun með bréfi dags. 4. janúar 2017
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 23. janúar 2017

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með bréfi dags. 24. janúar 2017.

Fyrirhuguð framkvæmd

Fram kemur að fyrirhuguð sé bygging 78 m langrar brúar yfir Eldvatn hjá Ásum í Skaftárhreppi. Fyrirhuguð brú verði skammt neðan núverandi brúar og verði tengd núverandi vegakerfi með um 600 m löngum vegi að norðanverðu og um 240 m löngum vegi að sunnanverðu. Fyrirhuguð framkvæmd nái því yfir um 920 m langan vegkafla á Skaftártunguvegi (nr. 208) en þar af séu um 200 m enduruppbygging á núverandi vegi.

Fram kemur að fyrirhuguð brú verði tvíbreið stálbitabrá í einu hafi og muni hún verða 10 m breið með 9 m breiðum akbrautum. Fyrirhugaður vegur er í vegflokki C8 og verði 8 m á breidd með 7 m breiðum akbrautum og 0,5 m breiðum öxlum beggja vegna.

Fram kemur að ný gatnamót Hringvegur og Skaftártunguvegar verði um 490 m vestan við núverandi gatnamót. Þaðan liggi nýr vegur í boga til norðvesturs að syðri enda nýrrar brúar. Frá nyrðri brúarenda liggi ný veglína í norðvestur þar sem hún þveri núverandi veg í stöð 640. Þaðan liggi nýr vegur í boga um 20 m norðan núverandi vegar þar til hann komi inn á núverandi veg í stöð 920.

Fram kemur að áætluð efnispörf vegna framkvæmdar sé um 40 þúsund m³. Áætlað er að um 25 þúsund m³ af efni komi úr vegskeringum norðan Eldvatns. Gert er ráð fyrir að um 13 þúsund m³ af því efni nýtist í fláafleyga en það efni sem nýtist ekki til vegagerðar, um 12 þúsund m³, verði jafnað út og nýtt til ræktunar í samráði við landeiganda nálægrar jarðar. Þá kemur fram að gert sé ráð fyrir að taka 27 þúsund m³ úr Kúðaflijótsnámu sem sé í um 11 km fjarlægð frá framkvæmdasvæðinu.



Forsaga málsins er sú að Skaftárhlaupið sem varð í október 2015 rauf austurbakka Eldvatns með þeim afleiðingum að núverandi brú skekkist. Við það dróg úr burðarþoli brúnnar og hefur umferð um hana verið takmörkuð við létt ökutæki eftir hlaupið. Að mati Vegagerðarinnar er hagkvæmara og öruggara að byggja nýja brú í stað þess að ráðast í endurbætur á núverandi brú.

Umhverfisáhrif

Í greinargerð Vegagerðarinnar er fjallað um áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar á landnotkun, landslag, jarðmyndanir, gróður, fugla, menningarminjar, veður og náttúruvá.

Landnotkun

Fram kemur að allt land norðan nýs brúarstæðis sé raskað og að tún séu þar meðfram fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Líklegt sé að flái nýs vegar nái inn á ræktað land að hluta. Sunnan brúar séu reiðleiðir og slóðar sem nýr vegur muni þvera. Engin veiði sé í Eldvatni við fyrirhugað framkvæmdasvæði að sögn landeigenda Ytri Ása. Veiði er upp eftir öllu Kúðafljóti.

Vegagerðin telur að fyrirhuguð framkvæmd muni hafa óveruleg áhrif á landnotkun á svæðinu. Nýr vegur muni fara yfir tún á stuttum kafla og verði landeigenda bætt það tjón á hefðbundinn hátt. Fyrirhuguð framkvæmd muni ekki hafa áhrif á veiði í Kúðafljóti.

Landslag

Fram kemur að landslagi á mögulegu framkvæmdasvæði hafi þegar verið raskað með núverandi vegi, brú, efnistöku, slóðum og reiðleiðum. Að framkvæmdum loknum muni landslag hafa breyst töluvert en ný brú og vegtengingar munu verða sýnilegar þeim sem aka Hringveginn við Eldvatn. Fram kemur að til að sjónræn áhrif framkvæmdar verði sem minnst, hafi fyrirhuguð mannvirki verið hönnuð þannig að þau falli sem best að landslagi. Núverandi brú verði fjarlægð að framkvæmdum loknum ásamt vegi sem liggja að henni að vestanverðu.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að stofnunin telji að leggja eigi áherslu á að fjarlægja undirstöður núverandi brúar.

Í svörum Vegagerðarinnar kemur fram að mikið rask muni fylgja því að grafa upp brúarstöpla, sér í lagi brúarstöpul á vesturbakka. Vegagerðin telur að það gæti þurft að fjarlægja um 500-1.000 m³ af jarðvegi samfara brottnámi vestari brúarstöpuls. Jafnframt gæti reynst erfitt og hættulegt að fjarlægja hluta stöplansins. Vegagerðin muni meta hvort raunhæft sé að fjarlægja stöplana að framkvæmdum loknum. Ef þeir verði ekki fjarlægðir muni Vegagerðin ganga frá þeim á þann hátt að öryggi þeirra sem leið eiga um svæðið sé tryggt.

Jarðmyndanir

Í greinargerð kemur fram að áhrif framkvæmdar á jarðmyndanir verði tvenns konar. Annars vegar vegna rasks við vega- og brúargerð og hins vegar vegna efnistöku í námu við Kúðafljót. Fyrirhugaður vegur sunnan brúar muni fara yfir Skaftáreldahraun á um 250 m löngum kafla og raska um 7.650 m² af hrauni. Fram kemur að hraunið sé þegar raskað vegna Hringvegarins og vegslóða sem liggja meðfram Eldvatni að sunnanverðu. Norðan brúar muni fyrirhugaður vegur fara yfir þykkjan jarðveg ofan á móbergi og tengjast þar núverandi vegi. Áhrif vega- og brúargerðar á jarðmyndanir teljist óveruleg sé tekið tillit til þess rasks sem þegar hefur orðið á svæðinu. Efnistaka muni fara fram í áður röskuðum setbunkum við bakka Kúðafljóts og telst hafa óveruleg áhrif á jarðmyndanir.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að leggja eigi áherslu á að vegur sunnan nýrrar brúar verði einungis lagður á fyllingum sem keyrðar verði út á hraunið.

Í svari Vegagerðarinnar segir að þar sem vegurinn muni liggja um Skaftáreldahraun verði hann eingöngu lagður á fyllingu. Almennt sé gert ráð fyrir að takmarka stærð framkvæmdasvæðisins eins og unnt er og verði það tilgreint í útboðsgögnum.



Gróður

Fram kemur að framkvæmdin muni skerða lyng- og mosavaxið eldhraun á um 250 m löngum kafla sunnan nýrrar brúar yfir Eldvatn. Framkvæmdin muni hafa óveruleg áhrif á gróðurfar þar sem umræddur vegakafli er stuttur og svæðinu hafi þegar verið raskað með slóðum. Röskuð svæði verði jöfnuð og grædd upp í samráði við Landgræðslu ríkisins, Umhverfisstofnun og landeigendur.

Fuglar

Fram kemur að ekki hafi verið kannað hvort sjaldgæfa fugla sé að finna í nágrenni framkvæmdasvæðis. Framkvæmdaraðili telur að framkvæmdin gæti haft tímabundin áhrif á fugla á meðan framkvæmdir standa en að áhrifin verði óveruleg.

Menningarminjar

Fram kemur að á framkvæmdasvæðinu hafi verið skráðar 22 fornminjar sem séu í stórhættu vegna framkvæmdanna og í kjölfarið hafi verið leitað samráðs við Minjastofnun Íslands. Þrjár fornleifar verði rannsakaðar nánar áður en framkvæmdir hefjist og að aðrar skráðar fornminjar verði merktar með áberandi hætti og kynntar í útboðsgögnum.

Í umsögn Minjastofnunar Íslands segir að í greinargerð framkvæmdaraðila sé gerð grein fyrir kröfum minjavarðar Suðurlands um mótvægisáðgerðir. Minjastofnun bendir jafnframt á 21. gr. og 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar.

Veður og náttúruvá

Fram kemur að framkvæmdin miði að því að auka öryggi íbúa á svæðinu, m.a. með tilliti til náttúruvá. Framkvæmdaraðili telur að fyrirhuguð framkvæmd hafi hverfandi áhrif á veður og náttúruvá á svæðinu.

Aðrar umsagnir

Fram kemur í umsögnum Skaftárhrepps, Fiskistofu, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Minjastofnunar, Orkustofnunar og Umhverfisstofnunar það álit að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulag og leyfisveitingar

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Skaftárhrepps skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og sbr. reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 722/2012. Einnig leyfi Fiskistofu, sbr. 33. gr. laga nr. 61/2007 um lax- og silungsveiði og starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun auk starfsleyfis vegna starfsmannbúða skv. reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti. Þá þarf að kanna hvort framkvæmdin sé háð leyfi Orkustofnunar.

Áður en framkvæmdaleyfi er veitt þarf að liggja fyrir staðfest breyting á Aðalskipulagi Skaftárhrepps 2010-2022.

Niðurstaða

Um er að ræða byggingu nýrrar brúar yfir Eldvatn, skammt neðan núverandi brúar, auk vegtenginga til að tengja nýja brú núverandi vegakerfi. Vegtengingar verða samtals um 840 m langar, þar af eru um 200 m endurbygging núverandi vegar. Fyrirhugaður vegur mun liggja að hluta yfir eldhraun sem telst til jarðminja sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10.09 í 1. viðauka í lögum



um mat á umhverfisáhrifum. Við ákvörðun um það hvort framkvæmd sem er tilkynningarskyld samkvæmt 6. grein laga nr. 106/2000 skuli háð umhverfismati skal Skipulagsstofnun taka mið af viðmiðum sem tilgreind eru í 2. viðauka laganna, en þau varða eðli og staðsetningu framkvæmdarinnar og eiginleika hugsanlegra áhrifa hennar. Hér að neðan er tekin saman niðurstaða stofnunarinnar um byggingu nýrrar brúar yfir Eldvatn auk vegteninga að teknu tilliti til framangreindra viðmiða, byggt á framlögðum gögnum framkvæmdaraðila, framkomnum umsögnum og frekari upplýsingum framkvæmdaraðila.

Að mati Skipulagsstofnunar snúa helstu álitaefni varðandi umhverfisáhrif framkvæmdarinnar að raski á jarðminjum, raski á fornleifum og sjónrænum áhrifum framkvæmdar.

Áhrif á jarðminjar

Fyrirhugaður vegur mun liggja yfir eldhraun og mun því óumflýjanlega valda raski á jarðminjum. Aftur á móti ber að hafa í huga að fyrirhuguð veglína fer yfir hraunið á stuttum kafla þar sem jarðvegur er yfir hrauninu að stórum hluta. Því má álykta, með vísan til athugasemda við frumvarp til laga um náttúruvernd, að hraunið á framkvæmdasvæðinu hafi að hluta fremur rýr einkenni sem mynda verndargildi þess sem jarðmyndunar. Jafnframt hefur hrauninu þegar verið raskað að hluta með vegslóðum sem liggja meðfram Eldvatni. Að auki ber að horfa til þess að fyrirhugaður vegur mun ekki koma til með að skera í sundur samfelldar hraunbreiður. Þá liggur fyrir að vegurinn verður lagður á fyllingum yfir hraunið sem mun draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum veglagningarinnar. Að mati Skipulagsstofnunar mun framkvæmdin því hafa óveruleg áhrif á jarðminjar.

Áhrif á fornminjar

Fyrir liggur að fornminjar eru á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði og muni lenda undir vegamannvirkjum. Framkvæmdaraðili hefur haft samráð við Minjastofnun Íslands við undirbúning framkvæmdarinnar og fyrirhugaðar eru frekari rannsóknir á þremur fornleifum í kjölfar þess samráðs. Í umsögn Minjastofnunar kemur fram að stofnunin telji að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum að því gefnu að farið verði að kröfum stofnunarinnar um mótvægisáðgerðir. Skipulagsstofnun telur að framkvæmdin muni hafa nokkuð neikvæð áhrif á fornminjar en fari Vegagerðin eftir kröfum Minjastofnunar Íslands um mótvægisáðgerðir ætti að vera hægt að lágmarka neikvæð áhrif.

Áhrif á landslag

Framkvæmdin mun hafa í för með sér breytingar á landslagi, sér í lagi vegna skeringa og vegfyllinga. Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að aðstæður séu með þeim hætti að það ætti að vera unnt að græða upp röskuð svæði fljótt og vel að það ætti að vera hægt að draga verulega úr neikvæðum áhrifum með vönduðum frágangi. Skipulagsstofnun telur því að framkvæmdin muni hafa óveruleg áhrif á landslag.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Vegagerðarinnar við tilkynningu og umsagnir. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð brú yfir Eldvatn ásamt vegtengingum sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif með tilliti til eðlis framkvæmdarinnar, staðsetningar hennar og eiginleika hugsanlegra áhrifa hennar, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Vegagerðin og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 14. mars 2017.



Reykjavík, 9. febrúar 2017

Hólmfríður Bjarnadóttir

Egill Þórarinsson